



LEX ehf.  
Bragi Dór Hafþórsson  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 20. júní 2018  
Tilv.: UMH18050062/20-1

Vísað er til erindis yðar, dags. 18. maí 2018, þar sem sótt er um undanþágu frá starfsleyfi fyrir umbjóðanda yðar, Advanced Marine Services Limited. Fram kemur að Umhverfisstofnun hafi gefið út starfsleyfi fyrir Advanced Marine Services Limited vegna framkvæmdar við skipsflakið Minden, sem var þýskt gufuknúið fraktskip, sem sökk 24. júní 1939. Skipið liggja á 2240 metra dýpi á hafsbotni í 120 sjómílna fjarlægð suðaustur af Íslandi. Um sé að ræða leit að verðmætum í skipsflakinu. Starfsleyfið hafi gilt til 1. maí 2018. Starfsleyfið varði leyfi til að kafa niður að flaki Minden og óskað sé eftir undanþágu hvað varði gildistíma starfsleyfisins þar sem veður hafi hamlað því að hægt hafi verið að ljúka við framkvæmdir á gildistíma starfsleyfisins. Í erindinu kemur fram að umbjóðandi yðar ítreki það mat Umhverfisstofnunar og annarra aðila að lítil hætta sé á mengun vegna framkvæmdanna eða að framkvæmdin geti haft óafturkræf áhrif á umhverfið.

Í samræmi við ákvæði 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með bréfi, dags. 30. maí sl. Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 14. júní sl., segir að framkvæmdaraðili hafi haft um það áform að ljúka köfun fyrir lok gildistíma starfsleyfisins, þ.e. fyrir 1. maí 2018. Veður hafi hins vegar hamlað framkvæmdinni. Umhverfisstofnun geti ekki framlengt gildistíma starfsleyfisins. Þar sem framkvæmdaraðili hafi orðið fyrir óvæntum tögum á framkvæmd og sá gildistími sem sótt sé um sé ekki lengri en almennt gerist um gildistíma á undanþágum og undanþágu sé ekki óskað frá öðrum ákvæðum starfsleyfis en hvað gildistíma varði, sjái Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að leggja gegn undanþágu. Verði fallist á undanþáguna telji Umhverfisstofnun að rétt sé að tilkynna um niðurstöðuna til Landhelgisgæslunnar.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. I-V. viðauka laganna, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. laganna. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr., ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Fram kemur í gögnum málsins að þörf sé á framlengingu á gildistíma starfsleyfis þar sem veður hafi hamlað að hægt væri að fara í þá framkvæmd sem starfsleyfið kveði á um á gildistíma starfsleyfisins. Í ljósi framangreinds fellst ráðuneytið á að veita Advanced Marine Services Limited undanþágu frá gildistíma starfsleyfis vegna framkvæmda við skipsflakið Minden þannig að heimilt verði leita að verðmætum í skipsflakinu. Undanþágan er háð þeim skilyrðum að við framkvæmdina fari rekstraraðili eftir skilyrðum starfsleyfis sem gefið var út fyrir Advanced Marine Services Limited af Umhverfisstofnun 11. október 2017. Þetta varðar m.a. að framkvæmdaraðili skal tilkynna um framkvæmdina til Umhverfisstofnunar og Landhelgisgæslunnar þegar hún á sér stað með viku fyrirvara skv. gr. 1.5 í starfsleyfinu. Þá skal leiguskip framkvæmdaraðila vera skráð í ferilvöktun í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar á

meðan framkvæmd fer fram. Jafnframt skal skrá og skila skýrslu til eftirlitsaðila sbr. 4. kafla í starfsleyfi.

Undanþágan gildir til 1. október 2018.

Framangreint tilkynnist hér með.



Sigríður Auður Arnardóttir

Fyrir hönd ráðherra



William Freyr Huntingdon-Williams

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Landhelgisgæslan